

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 7-2019

Staður: Hvanneyri

Tími: þriðjudaginn 20. ágúst 2019, kl. 15:00 – 16:30

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Bjarni Diðrik Sigurðsson (ritar), Jóhannes Kristjánsson, Hera Sól Hafsteinsdóttir og Halldór Þorgeirsson. Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir og Guðrún Eik Skúladóttir með á fjarfundi.

Dagskrá

1. Innleiðing stefnu

Stefna Lbhí 2019-2024 hefur verið gefin út í prentuðu riti og er einnig birt á vef skólans. Þá hefur Bændablaðið birt grein um stefnuna og hún verið kynnt við ýmis tækifæri. Stefnan var kynnt mennta- og menningarmálaráðherra á fundi í júlí og lýsti ráðherra yfir ánægju sinni, sérlega með þá sókn sem boðuð er á sviði rannsókna og nýsköpunar. Starfsáætlun Háskólaráðs mun endurspeglar innleiðingu nýrrar stefnu.

2. Tillögur að nýju skipuriti

Tillögur að nýju skipuriti hafa verið unnar áfram með hliðsjón af framkomnum athugasemdum. Athugasemdir sem borist hafa eru almennt jákvæðar undirtektir, en það sem bent hefur verið á að betur mætti fara snýr að því að gera Landgræðsluskólann sýnilegri, sem og starfsmenntanám skólans og skýra betur tillögu að stjórnskipulagi skólans og skipulagi námsbrauta. Hefur skipuritið og önnur gögn í tillögunni tekið breytingum sem taka mið af því.

Rektor mun senda háskólaráði endurskoðaða tillögu og síðan er fyrirhugað að senda hana á framkvæmdastjórn og síðan á starfsmenn til kynningar fyrir háskólafund.

3. Drög að breytingum á reglum

Umfjöllun frestað til næsta fundar.

4. Doktorsnám í skipulagsfræði

Beiðni um heimild fyrir doktorsnám í skipulagsfræði hefur verið send mennta- og menningarmálaráðuneyti.

5. Háskólafundur

Háskólafundur verður boðaður þann 13. september kl. 14:00 að Keldnaholti. Dagskrá: 1) Kynning á 7 venjum til árangurs; 2) Kynning og umræður um tillögur að nýju skipuriti og starfsreglum skólans; 3) Umræður um tækifæri og sókn á grundvelli nýrrar stefnu; 4) Önnur mál.

6. Lagt fram til kynningar

a) Metaðsókn að námi við Lbhí núna í haust.



- b) Lbhí hefur tilnefnt fulltrúa í erfðanefnd landbúnaðarins 2019-2021: Ólöf Ósk Guðmundsdóttir og Snorri Baldursson eru aðalfulltrúar og til vara eru Eyjólfur Kristinn Örnólfsson og Steinunn Garðarsdóttir.
- c) Gæðaúttekt (QEF2) fer fram þann 18. september næstkomandi. Drög að skýrslu lögð fram til kynningar.
- d) Samstarfssamningur hefur verið undirritaður við Háskólann í Maribor í Slóveníu og er sérfræðingur frá þeim væntanlegur í næstu viku.
- e) Stelpur rokka verkefnið gekk eintaklega vel og var góð stemning á Hvanneyri.
- f) Nova námskeið sem haldið var í ágúst undir stjórn Sigríðar Kristjánsdóttur og Christian Schultze tókst eintaklega vel og var lokafundur haldinn í ráðhúsi Reykjavíkur þann 16. ágúst. Námskeiðið fékk góða fjölmiðlaumfjöllun.
- g) Ráðstefna um trjáklifur verður haldin 22. ágúst að Reykjum.
- h) Námskeið um umsóknaskrif verða haldin á Hvanneyri á vegum Rannís 30. ágúst n.k. fyrir starfsmenn og annað fyrirhugað á Keldnaholti í september.
- i) Rektor og fjármálastjóri og varaformaður háskólaráðs funduðu með ráðherra í júlí þar sem bæði nýja stefna Lbhí og innviðamál voru kynnt fyrir ráðherra.
- j) Hugmynd kom upp að halda námskeið um samskipti við fjölmiðla fyrir starfsfólk Lbhí síðar í vetur. Það væri gott að taka sameiginlega umræðu um tækifæri og áskoranir þegar við erum í slíkum samskiptum.

7. Önnur mál og næsti fundur

- Engin önnur mál

Næsti fundur verður haldinn 24. september kl. 13:30 á Hvanneyri.

Fundi slitið 17:20

Fundargerð var lesin og samþykkt af öllum háskólaráðsfulltrúum.

